
Mótun nýrrar

Hönnunarstefnu 2019-2027

Greinargerð

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Capacent_

1.	VERKEFNIÐ	2
2.	STÖÐUMAT	3
2.1.	Núgildandi stefna	3
2.2.	Framkvæmd stefnu.....	4
2.3.	Staðan erlendis.....	6
3.	ÓÞRJÓTANDI MÖGULEIKAR HÖNNUNAR	8
3.1.	Möguleg áhrif hönnunar á samfélagið og efnahagslífið	8
3.2.	Möguleg áhrif á atvinnulíf	9
3.3.	Möguleg áhrif á skóla og stofnanir:	9
3.4.	Séreinkenni íslenskrar hönnunar.....	9
4.	Hönnunarstefna 2019-2027: Lykilviðfangsefni	12
4.1.	Eftirfylgni	13
4.2.	Tillögur um aðgerðir sem komu fram á stórfundi hagsmunaaðila	14
5.	MÁLEFNASVIÐ FJÁRMÁLAÁÆTLUNAR	16
6.	VIÐTÖL OG VINNUFUNDIR	18
7.	MIKILVÆGI ÍSLENSKRAR HÖNNUNAR	19

1. VERKEFNIÐ

Í marsmánuði 2018 var Capacent falið af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að stýra ferli við mótun nýrrar hönnunarstefnu. Í verkefninu fólst einnig sú ósk ráðuneytisins að greint yrði hvernig eldri stefna „Hönnunarstefna 2014–2018: Hönnun sem drifkraftur til framtíðar“ hefði reynst í framkvæmd.

Markmið verkefnisins

- Kortleggja hvernig eldri stefna hefði reynst í framkvæmd og innleiðingu
- Greina styrkleika og veikleika í núverandi fyrirkomulagi og framkvæmd verkefna
- Vinna stefnuskjal þar sem fram kæmi framtíðarsýn fyrir málaflokkinn ásamt meginmarkmiðum, áherslum og helstu aðgerðum

Þá fólst í verkefninu að ná fram yfirsýn yfir núverandi stöðu málaflokksins og á þeim grunni skilgreina viðfangsefni og hugmyndir til útfærslu nýrrar stefnu. Í þessu skjali eru greiningarhluta verkefnisins gerð skil. Drög að nýrri hönnunarstefnu þar sem fram kemur framtíðarsýn fyrir málaflokkinn, meginmarkmið og helstu áherslur má finna í viðauka með þessari greinargerð.

Nálgun við verkefnið

Ráðgjafar rýndu gildandi stefnur er tengjast málefnum og ýmis fyrirbyggjandi gögn, m.a. frá Hönnunarmiðstöð. Gagnaöflun fór fram í gegnum viðtöl við framkvæmdaraðila verkefna, samstarfsaðila ráðuneytisins ásamt helstu hagsmunaaðila. Þá var haldin vinnustofa með Hönnunarmiðstöð og baklandi hennar.

Í viðtölum var leitast við að draga fram núverandi stöðu innan málaflokksins, ræða styrkleika, veikleika, áskoranir og helstu tækifæri.

Þá voru haldnir vinnufundir með aðkomu hóps frá hagsmunaaðilum. Þátttaka sem flestra hagsmunaaðila í verkefninu er lykill að farsælli innleiðingu nýrrar stefnu. Óskað var eftir aðkomu 80 aðila að samráðsfundi um nýja stefnu og samtals komu 42 fulltrúar á fundinn þvert á bæði stjórnsýslu, stofnanir, atvinnulíf og úr hönnunarsamfélaginu.

Uppbygging greinargerðarinnar

Í öðrum og þriðja kafla eru samtöl við hagsmunaaðila notuð til að greina áhrif Hönnunarstefnu 2014-2018 og draga fram þann samfélagsávinning sem hönnun getur skilað. Í fjórða kafla eru dregin fram þau lykilviðfangsefni sem næsta stefna þarf að ná utan um. Að síðustu má finna yfirlit yfir þær aðgerðir sem komu fram í vinnu með hagsmunaaðilum en ekki hefur verið tekin afstaða til þeirra í þessari vinnu. Í kafla 5 er fjallað um samspil nýrrar hönnunarstefnu við stefnu í málaflokkum sem birtast í fjármálaáætlun ríkisstjórnar.

Nánari upplýsingar, útskýringar eða athugasemdir við meðfylgjandi samantekt skulu sendar á eftirtalda ráðgjafa hjá Capacent.

Arnar Pálsson
arnar.palsson@capacent.is

Ásgeir Runólfsson
asgeir.runolfsson@capacent.is

2. STÖÐUMAT

Í þessum kafla er fjallað um hvernig eldri stefna hafi reynst í framkvæmd og innleiðingu. Þá kemur fram greining á styrkleikum og veikleikum í núverandi fyrirkomulagi og framkvæmd verkefna sem voru byggð á eldri stefnu. Greiningin er byggð á djúpvíðtölum og fundum með hagsmunaaðilum. Í lok kaflans er fyrirkomulagi hönnunarstefnu í öðrum löndum lýst.

2.1. Núgildandi stefna

Núgildandi hönnunarstefna 2014-2018 rennur út í lok þessa árs. Stefnan er fyrsta opinbera stefnumörkun Íslands á þessu sviði. Stefnan byggði á tillögum þriggja manna starfshóps sem iðnaðarráðherra skipaði í ársbyrjun 2011.

Heiti stefnunnar „Hönnun sem drifkraftur til framtíðar“ hafði eftirfarandi meginmarkmið:

... auka vægi hönnunar í íslensku atvinnulífi með það að sjónarmiði að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og auka verðmætasköpun og lífsgæði enda miðar aðferðafræði hönnunar að því að brúa bilið milli sköpunargáfu og nýsköpunar, tækni og notanda, vísinda- og markaðstengdra greina.

Til að ná fram ofangreindu meginmarkmiði voru settar fram þrjár gunnstoðir og fylgdu hverri þeirra útfærðar tillögur. Grunnstoðirnar eru:

1. **Menntun og þekking:** Lögð er sérstök áhersla á að auka veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum og að rannsóknartengt háskólanám í hönnun sé eftl.
2. **Starfs- og stuðningsumhverfi hönnuða:** Efla skal samstarf, auka skilvirkni, einfalda leiðir og bæta regluverk.

3. **Vitundarvakning:** Auka skilning á mikilvægi og virði góðrar hönnunar og arkitektúrs. Standa fyrir kynningum og sýningum á íslenskum og erlendum vettvangi.



2.2. Framkvæmd stefnu

Í viðtölum kom fram fjöldi sjónarmiða um núgildandi hönnunarstefnu. Viðmælendur eru að öllu jöfnu mjög sammála því að íslensk stjórnvöld setji fram sjálfstæða hönnunarstefnu. Ástæður þess séu fyrst og fremst fjöldi sóknarfæra sem til staðar eru fyrir allt samfélagið sem felast í því að auka veg og gildi hönnunar. Full ástæða sé til þess að ramma þessi markmið inn og vinna með þau í viðtæku samstarfi þvert á stjórnkerfi og atvinnulíf.

Í viðtölum voru viðmælendur beðnir um leggja mat á framgang eldri stefnu og segja frá væntingum sínum gagnvart nýrri endurskoðaðri stefnu. Í eftirfarandi kafla eru dregin fram sjónarmið hagsmunaaðila gagnvart þessum þáttum.

Hönnunarstefna 2014-2018 var aðgerðadrifin. Í eftirfarandi köflum er lagt mat á hvort aðgerðirnar hafi komist til framkvæmda og hver áhrif þeirra hafa verið. Þá er helstu aðgerðum úr stefnunni gefin einkunn út frá mati á framgangi á eftirfarandi hátt: Jákvæð, neikvæð eða óljós.

2.2.1. Menntun og þekking

Matið byggir á viðtölum Capacent við helstu hagsmunaaðila

Mat á framgangi aðgerða: Jákvætt Óljóst Neikvætt

Menntun og þekking

Auka veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum

- Tryggja að kennslufni í hönnun sé til fyrir grunn- og framhaldsskóla	Neikvætt
- Styrkja sérhæfðar námsbrautir í list- og hönnunarnámi í framhaldsskólum	Neikvætt
- Efla menntun og endurmenntun grunn- og framhaldsskólakennara í hönnunargreinum	Neikvætt

Styrkja og efla rannsóknartengt háskólanám í hönnun

- Próa rannsóknir á áhrifum hönnunar og möguleikum hennar	Neikvætt
- Tengja háskólamenntun í hönnun við aðrar háskólagreinar	Neikvætt

Í stefnunni eru sett fram metnaðarfull markmið í menntamálum, hvort sem er í grunn- og framhaldsskólum eða háskólanámi og rannsóknum. Hvort tveggja er mikilvægt en markviss eftirfylgni þeirra hefur ekki verið til staðar.

Listaháskóli Íslands er vissulega til staðar og heldur úti námi í hönnun en starfsumhverfi hans mótast ekki af hönnunarstefnu, ekki frekar en starfsemi annarra skóla í landinu.

Helstu sjónarmið sem fram komu í viðtölum:

- Þörf er á því að vekja meiri athygli á verkefnum sem skólar hafa komið af stað og varða hönnun eða þverfaglega samvinnu til að draga megi af þeim lærdóm.
- Hönnunarstefnan hefur ekki reynst hreyfiafl til að styðja við verkefni innan skólakerfisins eða gagnvart þróun á kennslufni.
- Bent var á að ýmsir aðrir sjóðir séu til staðar gagnvart því að styrkja þróun náms- og kennslufnis.

2.2.2. Starfs- og stuðningsumhverfi

Matið byggir á viðtölum Capacent við helstu hagsmunaaðila

Mat á framgangi aðgerða: Jákvætt Óljóst Neikvætt

Starfs- og stuðningsumhverfi

Beita sjóðum og stuðningskerfi markvisst

- Auka markvisst veg hönnunar í samkeppnisjóðum og hjá opinberum stofnunum	Neikvætt
- Tryggja framtíð hönnunarsjóðs	Jákvætt
- Bæta hagrænar mælingar á sviði hönnunar á Íslandi	Neikvætt
- Bæta samkeppnisaðstæður fyrirtækja á sviði hönnunar á Íslandi	Óljóst
- Efla Hönnunarmiðstöð	Jákvætt

Brjóta ísinn með því að styrkja ákveðin verkefni

- Fjölga stuðnings- og ísbrjótsverkefnum á sviði hönnunar	Jákvætt
---	---------

Stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi

- Stjórnvöld velji íslenska hönnun sem vöru og við þróun verkefna og þjónustu	Óljóst
---	--------

Almennt fannst flestum viðmælendum að stuðning við listir og nýsköpun væri að finna á mörgum stöðum sem styddu ekki vel hver við annan. Góð sátt er þó í kringum starfsemi Hönnunarsjóðs og viðmælendur benda á að sjóðurinn hafi haft góð áhrif á starfsumhverfi hönnuða. Eins var rætt um mikilvægi listamannalauna hönnuða en um þau er ekki fjallað í fyrri stefnu.

Viðmælendur voru eindregið á þeirri skoðun að tækifæri væru til staðar til að efla stuðning við hönnun enn frekar, bæði með því að stækka Hönnunarsjóð með hærri fjárframlögum og með því að gera hönnun hærra undir höfði í stuðningskerfi nýsköpunar í landinu.

Full ástæða var sögð til að huga að ólíkum þörfum hönnuða og fyrirtækja þegar kemur að stuðningi í síbreytilegum heimi. Styðja þarf við nýútskrifaða, reynslumesta fólk landsins, rannsakendur, frumkvöðla sem og fyrirtæki, stór og smá.

Helstu sjónarmið sem fram komu í viðtölum:

- Hönnunarsjóður hefur fest sig í sessi síðustu ár.
- Tækifæri eru til staðar til að efla enn frekar stuðning við „pilot“ verkefni.
- Bent var á að tengja mætti betur hönnun við nýsköpun almennt og vera í meiri samvinnu við stuðningskerfi nýsköpunar.
- Hönnun vekur athygli erlendis, m.a. í landkynningum Íslands í gegnum Íslandsstofu, en tækifæri eru til staðar til að nýta sjóði til að styrkja hönnuði í auknum mæli til útflutnings.
- Ekki hefur gengið að bæta hagrænar upplýsingar um tölur tengdar hönnun og skapandi greinum.

2.2.3. Vitundarvakning

Matið byggir á viðtölum Capacent við helstu hagsmunaaðila

Mat á framgangi aðgerða: Jákvætt Óljóst Neikvætt

Vitundarvakning

Sýna og kynna ávinning hönnunar

- Efla kynningu á hönnun innanlands og fagkynningar erlendis Jákvætt

Standa fyrir öflugum kynningarstarfi erlendis

- Tryggja sjálfstæði fagkynninga hönnuða erlendis Jákvætt

Viðmælendur eru heilt yfir sammála um að vitundarvakning hafi gengið. Sá árangur er rakinn til Hönnunarmiðstöðvar sem hefur staðið fyrir vel heppnuðum verkefnum, t.d. Hönnunarmars, Design talks og Hönnunarverðlaunum.

Halda þarf áfram á sömu braut en ganga lengra. Vitundarvakningin þarf að ná lengra inn í fyrirtæki, nýsköpunarumhverfi og skóla. Það er hægt að gera með enn meiri samvinnu við aðila sem tengjast og nýta hönnun.

Helstu sjónarmið sem fram komu í viðtölum:

- Vel hefur tekist að víkka út skilning á hönnun, t.d. má sjá að fyrirtæki leggja meira upp úr þjónustuhönnun.
- Hönnunarupplifun hefur gengið vel, t.d. í ferðapjónustu.
- Efla þarf markaðssókn erlendis.
- Viðburðir innanlands hafa gengið vel, tryggja þarf þó að gæði séu í fyrirrúmi frekar en fjöldi.
- Hönnunarmars er viðburður sem er enn að vaxa og vekur sífellt meiri athygli erlendis.

2.2.4. Skipulag, samstarf og eftirfylgni stefnunnar

Matið byggir á viðtölum Capacent við helstu hagsmunaaðila

Mat á framgangi aðgerða: Jákvætt Óljóst Neikvætt

Hönnunarstefna stjórnvalda er sett fram til fimm ára í breiðu samstarfi stjórnvalda og hönnunarsamfélags. Endurskoðun stefnunnar mun hefjast á árinu 2016. Til að tryggja framgang stefnunnar verði settur á fót stýrihópur hönnunarstefnu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti skipar í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í stýrihópnum verði hagsmunaaðilar sem hafa það hlutverk að meta stöðu þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í hönnunarstefnunni og liðka fyrir nauðsynlegu samtali milli aðila. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti mun bera ábyrgð á vinnu samráðs- og framkvæmdahópsins.

Neikvætt

Ljóst er að það hefur gengið misvel að vinna að tilteknum markmiðum í stefnunni. Stefnan gengur þvert yfir málaflokka sem hefur að einhverju leyti bitnað á eftirfylgni og því hefur hönnunarstefnan ekki að öllu leyti verið virkt stjórnþæki.

Ekki náðist virkni í starf samráðs- og framkvæmdahóps stefnunnar sem lagt var til að kæmi að því að fylgjast með framgangi hennar. Ljóst er að innleiðingu og eftirfylgni stefnunnar var ekki fylgt nægjanlega vel úr hlaði. Þar af leiðandi er nauðsynlegt samhliða endurskoðun á eldri stefnu að skoða með hvaða hætti fleiri aðilar komi að borðinu, þekki stefnuna, nýti sér hana í sína eigin stefnumótun og fylgi henni.

Þá er ljóst að ný lög um opinber fjármál setja stjórnvöldum nýjar leikreglur með stefnumörkun af þessu tagi. Markmið og aðgerðir stjórnvalda birtast nú að öllu jöfnu í stefnu málefna sviða í fjármálaáætlun hvers árs. Horfa þarf til þess með hvaða hætti ný stefna geti stutt við gerð fjármálaáætlunar í breiðu samstarfi ráðuneytanna. Slíkt mætti gera með því að í nýrri stefnu komi stefnumörkun (e. *policy*) stjórnvalda fram, án aðgerða og sértækra markmiða enda hafa þau ekki á því stigi verið fjármögnuð. Slík stefnumörkun verði síðan verkfæri í árlegri aðgerðaáætlun sem birtist í fjármálaáætlun eða öðrum fjármögnuðum aðgerðaáætlunum.

Helstu sjónarmið sem fram komu í viðtölum:

- Í stefnunni komu fram markmið og aðgerðir sem fjármagn fylgdi ekki og ekki tókst að sækja fjármagn nema að litlu leyti.
- Bent var á að stefnan hefði ekki virkað sem nauðsynlegt hreyfiafl í samræðum hagsmunaaðila, m.a. fyrir þær sakir að í henni komu fram sértækar aðgerðir frekar en almenn markmið og leiðarljós.

¹ Sjá nánar á slóðinni: <http://em.dk/english/publications/2013/13-02-07-plan-for-growth-in-the-creative-industries-and-design>

2.3. Staðan erlendis

2.3.1. Danmörk

Danmörk var með fyrstu löndum til að marka sér sérstaka hönnunarstefnu (1997). Dönsk stjórnvöld hafa sett af stað fjölda verkefna til að styðja við hönnunarsamfélagið og í alþjóðlegri umræðu er Danmörk talin vera mjög framarlega á þessu sviði.

Árið 2013 var horfið frá því í Danmörku að hafa sérstaka hönnunarstefnu og hönnun samþætt inn í stærri áætlanir tengdar skapandi greinum og hönnun. Á þeim vettvangi er haldið utan um vaxtaráætlun sem skiptist í fjögur meginmarkmið og 27 sértækar áherslur.¹ Meginmarkmiðin fjögur eru:

- Improve business skills and access to financing
- Speed up market maturation of new creative products and design solutions
- Promote growth in the creative industries with good educational programmes and strong research
- Denmark as an international growth centre for architecture, fashion and design

Vaxtaráætlunin er á ábyrgð viðskiptaráðuneytisins en er framfylgt í viðtæku samstarfi þvert á atvinnulíf og stjórnsýslu.

Þá starfa í Danmörku Dansk Design Centre og Danish Fashion Institute. Danske Designere eru hagsmunasamtök hönnuða. DAC er öflug miðstöð á sviði arkitektúrs.

2.3.2. Svíþjóð

Í Svíþjóð er ekki sérstök sjálfstæð hönnunarstefna en þó eru sýnileg mörg verkefni sem gert er að styðja við og kynna hönnun. ArkDes er sérstakt safn sem gegnir þó hlutverki í kynningarmálum, m.a. til að hvetja til umræðna um hönnun og arkitektúr. Þá styður sænska ríkið við starfsemi Svensk Form (the Swedish Society of Crafts and Design) sem á að vekja athygli á sænskri hönnun og auka veg og virðingu hennar í sænsku samfélagi. Þá er starfandi Form Design Centre í Malmö sem hefur breiðan fókus á sviði hönnunar líkt og Hönnunarmiðstöð á Íslandi.

2.3.3. Finnland

Í Finnlandi er starfandi sérstakt ráð (National Council for Architecture and Design) sem styður við hönnun með styrkveitingum og ráðgjöf til stjórnvalda á þessum sviðum. Þá er stutt við hönnun með starfsemi innan ábyrgðarsviðs finnska menningar- og menntamálaráðuneytis og á þeim vettvangi er haldið utan um stefnu Finnlands sem er frá árinu 2013.

Markmið stefnunnar eru að auka hagnýtingu hönnunar í finnsku samfélagi. Í stefnunni er að finna 29 áherslur. Stefnan var unnan í samvinnu við finnska atvinnu- og efnahagsráðuneytið með aðkomu fulltrúa atvinnulífs og skóla.

Það eru nokkur verkefni í Finnlandi. DFF – Design Forum Finland leggur áherslu á hagnýtingu hönnunar innan atvinnulífsins. Archinfo er félag sem er nýstofnað úr ólíkum verkefnum á sviði arkitektúrs.

2.3.4. Noregur

Í Noregi gegnir starfsemi DOGA (Design and Architecture Norway) lykilhlutverki. Um er að ræða starfsemi sem vinnur í umboði norska atvinnuvegaráðuneytisins og helstu verkefnin eru að efla hönnun og arkitektúr í Noregi. DOGA er með svipað hlutverk og Hönnunarmiðstöð Íslands sem sameinar allar greinar og sinnir viðskiptalegum, samfélagslegum og menningarlegum áherslum.

3. ÓÞRJÓTANDI MÖGULEIKAR HÖNNUNAR

Í samtali við hagsmunaaðila, allt frá einstaklingsviðtölum yfir í 42 manna samráðsfund, stóð upp úr að hönnun og ný hönnunarstefna gæti fært okkur á nýja staði og hún getur bæði gert samfélagið betra og verið ný undirstaða verðmætasköpunar. Bjartsýni og trú á hönnun einkenndi samtal við hagsmunaaðila.

Í þessum kafla er fjallað um möguleg áhrif hönnunar á íslenskt samfélag. Birtar eru helstu niðurstöður samráðsfundar með hagsmunaaðilum. Þar lýstu þeir áhrifum nýrrar hönnunarstefnu á íslenskt samfélag árið 2023 á forsiðu „Morgundagsins“ – ímynduðu dagblaði framtíðarinnar í almennri dreifingu.

VIÐ ERUM STÖDD Í
FRAMTÍÐINNII!!

Á samráðsfundinum var leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er æskileg staða hönnunar árið 2023 og hvaða áhrif hefur hún haft?
- Hvernig lítur góð hönnunarstefna út?
- Til hvaða aðgerða þarf að grípa til að auka veg hönnunar?

Á samráðsfundinum var teiknarinn Elín Elísabet Einarsdóttir stödd og fangaði nokkur af þeim atriðum sem hvað mest var rætt um. Myndir hennar skreyta þessa greinargerð. Í næstu köflum koma fram hugmyndir þátttakenda að því hvernig hönnun getur haft áhrif í framtíðinni.

3.1. Möguleg áhrif hönnunar á samfélagið og efnahagslífið

- 60% forstjóra 100 stærstu fyrirtækja á Íslandi telja hönnun lykil að velgengni og nýsköpun fyrirtækja
- Aðkoma hönnuða hefur stóraukið verðmæti íslenskra fyrirtækja
- Norræn hönnun og arkitektúr orðin ein stærsta alþjóðlega söluvara Norðurlandanna – líka á Íslandi
- Hönnuðum þakkaður árangri í sjálfbærni og við að ná heimsmarkmiðum SP
- Ráðherra byggðamála segir mannfjöldapróun lítilla byggðarlaga hafa tekið kipp eftir að hugmyndir hönnunarklasa voru innleiddar
- Tímamótaviðskiptasamningar í höfn – vörur byggðar á íslenskri hönnun flæða frjálst á milli Íslands og Bretlands, Bandaríkjanna og Evrópusambandsins óháð uppruna

3.2. Möguleg áhrif á atvinnulíf

- Ísland draumaland fyrir hönnunardrífna nýsköpun og sprotafyrirtæki
- Hönnun jók upplifun ferðamanna
- Hönnun bjargar ferðamönnun frá lífsháska
- Íslenski þráðurinn gerir allt vitlaust í frönskum tískuhúsum
- Ullin vinnur lambakjötið – ullarafurðir skila meiri verðmætum en lambakjötið eftir þverfaglega samvinnu hönnunar og raunvísinda
- Viðsnúningur í landbúnaði eftir að Bændasamtökin fóru að bjóða upp á ráðgjöf hönnuða við vöruþróun

3.3. Möguleg áhrif á skóla og stofnanir:

- Íslenskir skólar bestir í heimi – menntamálaráðherra lét endurhanna menntakerfið í kjölfar nýrrar hönnunarstefnu
- Drifkraftur nýrrar menntastefnu á Íslandi er nestuð af hönnunarstefnu – þar sem aðgengi allra aldurshópa er gert betra og rannsóknarstarf stundað þvert á sérhæfða skóla
- Future North verkefnið á Rannsóknarstofu hönnunar við LHÍ hlaut hundraða milljóna styrki frá rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og vinnur áfram með færustu rannsækendum í heimi
- Nýi Landspítalinn hlaut virt alþjóðleg verðlaun fyrir framúrskarandi upplifunar- og þjónustuhönnun
- 500 þúsund Íslendingar – hönnunarteymi Útlendingastofnunar hefur gerbylt upplifun Íslendinga á innflytjendum

- Hönnunarteymi ráðið til að endurhanna utanríkisþjónustuna
- Íslensk hönnun prýðir nú öll sendiráð og sendiherrabústaði Íslands
- Ísland á arkitektúrtvíæringinn


3.4. Séreinkenni íslenskrar hönnunar

Á stórfundi með hagsmunaaðilum var spurt um **séreinkenni íslenskrar hönnunar** og fólki gefinn lítil tími til umhugsunar. Svörin verða að skoðast í því ljósi:

- Íslensk hönnun hristir upp í hlutum og tengir saman
- Kraftur í hefðarleysinu
- Leikgleði og praktik – með sjálfbærni yfir og allt um kring
- Rótgróin leikgleði og aðlögunarhæfni Íslendinga samhliða nýrri hönnunarstefnu hefur sett okkur í framsætið í að hanna framtíðina
- Við erum sjálfum okkur nóg – nýtum auðlindir okkar til góðs og nýtum þær og aðrar auðlindir heimsins með sjálfbærum hætti
- Íslenskir hönnuðir ganga á undan með góðu fordæmi í endurnýtingu á hráefni, orkuskiptum landsins og umhverfisstefnu hönnunar
- Tímaskekkja að leita að sérkennum í hönnun tengt þjóðerni og staðsetningu í nútímaheimi þar sem landamærin eru að hverfa – góð hönnun er góð sama hvaðan hún kemur
- Hugvit og nýnæmi í hráefnanotkun og framleiðslu hefur skilað hönnun sem verðmætustu stoð útflutnings Íslands

Úr verkefnavinnu hópa á samráðsfundi þann 30. maí 2017

60% forstjóra 100 stærstu fyrirtækja á Íslandi telja hönnun lykil að velgengni og nýsköpun fyrirtækja.



Hönnun tók þetta á "nasta level"!



Formaður ferðaplanistu á Íslandi áreignur með aðkomu hönnunar inn í ferðaplanistuna.

Nóvar á blaðsíðu 16

STÓR-
FUNDUR

Séreinkenni íslenskrar hönnunar



HEFÐARLEYSIMU

Nýji LAND-
SPÍTALINN
hlaut virt
alþjóðleg verð-
lavn fyrir fram-
úrskurandi
UPPLIFUNAR og
ÞJÓNUSTUHLÖNNUN



ÞISAKÖNNUN
KANNAR HÖNNUNAR-
VITUND NEMENDA

Íslenskir nemendur
Koma nýð og vel út

Styttist í opnun
Hús Hönnunar

Skjalda um stöðu hönnunarstefu var kynnt í óopnuðu húsi hönnunar. Stefni er að opnun þessarar nýbyggingar eftir rétt rúmar þrjár vikur.

Þar munu koma saman Hönnunarmiðstöð Íslands, Hönnunarsatrit, vinnustofur og félga.

ÍSLAND DRAGMALAND FYRIR HÖNNUNAR- DRIFNA NÝSKÖPUN OG SPROTA FYRIR TÆKI*


MENNTAMÁLARÁÐ-
HERRA LÉT ENÐUR-
HANNA MENNTAKERFI
Í KSÖLFAR HÖNNUNAR-
STEFNU
HÖNNUNARSJÓÐUR
2.3 MILJARÐAR Á ÁRI

LÝÐHEILSA BATNAÐ
MEÐ BRÉTTUM
ÁÆRSLUM Í
AÐALSKIPULAGI

AÐ KOMA "TÖFF HÖNNUN OG
TENGLANETS" AÐ NÝRRI
RAFRÆNNI BÁTTI STÖRNAR-
RÁÐSINS VEKUR AÞHYGLI
ERLENDIS

TÍMAMÓTAVIÐSKIPTASAMNINGAR Í HÖFN

STJÖRNVÖLD HAFA GERT TÍMAMÓTACAMNING PARSEM VÖRUR BYGGÐAR
Á ÍSLENSKRI HÖNNUN FÁ AÐ FUEÐA FRJÁLIT MILLI ÍSLANDS OG UK, USA &
ESB ÖHÁÐ ÞVI HVAR VARAN ER FRAMUEIDD EÐA ÍHLUTIR Í VÖRUNA




DRIFKRAFTUR NÝRRA MENNTASTEFNU Á
ÍSLANDI ER NESTAÐ AF HÖNNUNARSTEFNU. sem
samþykkt var í máí 2023.

Séreinkenni íslenskrar
hönnunar

af
hún
krístir upp í
hlutunum
og tengir
samdan



Norran Hönnun og
Arkitektúr orðin ein
Stærsta alþjóðlega
Söluvara Norðurlandanna




4. Hönnunarstefna 2019-2027: Lykilviðfangsefni

Stöðumat sem unnið hefur verið sýnir að misvel hafi gengið að vinna að tilteknum markmiðum í stefnunni. Eins og fram hefur komið gengur stefnan þvert yfir málaflokka ríkisins sem hefur að einhverju leyti bitnað á eftirfylgni og því hefur hönnunarstefnan ekki að öllu leyti verið virkt stjórnþæki.

Eftirfarandi atriði voru lögð til grundvallar mótun nýrrar stefnu:

- Að byggja ofan á aukna vitund um mikilvægi hönnunar.
- Að hönnun nýtist til að búa til **betra samfélag**, jafnt á öllum sviðum atvinnulífsins til að **auka verðmætasköpun** og til þess að hafa jákvæð áhrif á daglegt líf fólks og bæta þjónustu hins opinbera.
- Að tryggja og skýra starfsemi Hönnunarmiðstöðvar sem hefur þann megintilgang að stuðla að aukinni vitundarvakningu. Mestu tækifærin liggja í skólum, atvinnulífinu og nýsköpunarumhverfinu.
- Að hönnun nýtist til að búa til fjölbreytt og verðmæt störf.
- Þegar horft er fram í tímann er kenning hönnunar í skólum lykilviðfangsefni sem þarf að huga betur að en nú er gert.
- Að stuðla að auknum rannsóknum háskóla á áhrifum og gildi hönnunar fyrir íslenskt samfélag.
- Gera þarf stuðningskerfi nýsköpunar markvissara og leggja aukna áherslu á hönnun innan þess.

- Framtíð Hönnunarsjóðs verði tryggð og samspil hans við annan stuðning við nýsköpun skýrt. Samhliða þarf að efla veg hönnunar hvar sem hið opinbera kemur að stuðningi við nýsköpun.
- Að íslensk hönnun verði í forgangi í kaupum opinberra aðila á vörum og þjónustu.
- Ný stefna verði útfærð á þann veg að hún nýtist við mótun fjármálaáætlunar hvers árs.
- Horfið verði frá því að stefnan sé aðgerðadrifin enda er stefnan ekki fjármögnuð sérstaklega fyrir utan framlög til Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarsjóðs.



4.1. Eftirfylgni

Það sem gekk best í fyrri stefnu var að Hönnunarsjóður fékk að vaxa og dafna og vitundarvakning um hönnun sem Hönnunarmiðstöð stóð að varð að veruleika. Áfram þarf að vinna að skilningi fólks á þeim tækifærunum sem hönnun og skapandi greinar færa íslensku samfélagi. Til að svo megi verða þarf að auka veg hönnunar í skólum landsins og styðja betur við hönnuði í atvinnulífinu. Þau markmið voru sett fram í hönnunarstefnu 2014-2018 en gengu ekki eftir.

Ábyrgð á innleiðingu stefnunnar þarf að vera skýr. Lagt er til að hún verði hjá **stýrihópi sem leiddur er af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.**

Eftirtaldir aðgerðir til að fylgja eftir og innleiða Hönnunarstefnu 2019-2027 eru lagðar til:

- Lagt er til að **Hönnunarmiðstöð** verði stjórnvöldum til **ráðgjafar við innleiðingu** á stefnunni og taki að sér tiltekin verkefni á því sviði.
- **Fylgja þarf eftir stefnumarkandi áherslum** sem birtast í stefnunni til að meginmarkmið hennar um betra samfélag og aukna verðmætusköpun verði að veruleika.
 - *Vitundarvakning.* **Hönnunarmiðstöð er í lykilhlutverki þegar kemur að vitundarvakningu.** Í störfum hennar þarf að horfa í auknum mæli á skólakerfið, fyrirtæki í öllum geirum og nýsköpunarumhverfið.
 - *Starfs- og stuðningsumhverfi.* Skýra þarf **hvernig hönnun er fléttað inn í stuðningskerfi nýsköpunar** og reka áfram Hönnunarsjóð.

- *Menntun og þekking.* **Formlegri samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytinu** verði komið á og unnið með starfsfólki í skólakerfinu að framgangi hönnunar.

EFLA
HÖNNUNAR-
SJÓÐ



FJALLA UM
HÖNNUN Á
FLEIRI MIÐLUM



auka veg
íslenskrar
hönnunar á
alþjóðavettvangi



FREÐA ALMENNING
UM VÆGI HÖNNUNAR



MEIRA PLÁSS FYRIR
HÖNNUN Í ÖLLUM
GEIRUM!



HÖNNUN
VERÐI LYKILÞÁTTUR
Í STARFSEMI
FYRIRTÆKJA



4.2. Tillögur um aðgerðir sem komu fram á stórfundi hagsmunaaðila

Hér er yfirlit yfir tillögur að aðgerðum sem komu fram á stórfundi með hagsmunaaðilum. Á fundinum unnu 42 þátttakendur í sjö hópum og fengu það verkefni að setja a.m.k. fjórar aðgerðir á blað.

Tillögur stórfundar sem snúa að stjórnslu

- Skilgreina eftirfylgni ábyrgðaraðila að hönnunarstefnu.
- Hönnunarmiðstöð sé falið að leiða framkvæmd og eftirfylgni hönnunarstefnunnar og fái fjármagn til þess og aukin stöðugildi.
- Ekki nóg að móta stefnu og gefa hana út. Það þarf fjármagn og tengja það inn á markmiðin.
- Auka þarf samskipti og samstarf hönnunarsamfélags og menntamálaráðuneytis. Skoða má hvort stofna eigi starfshóp strax á þessu ári.
- Bæta við stoð í hönnunarstefnu – framtíðin. Fjórða stoðin er framtíðin.
- Efla og innleiða skilning í opinbera geiranum á nýrri hönnunarstefnu.
- Hvernig innleiðum við hönnunarstefnu? Ráðum verkefnateymi sem skoðar ferla í ákvörðunartöku ráðuneyta og stofnana.
- Stofna hönnunar- og nýsköpunarráðuneyti.
- Stjórnvöld leiti til hönnuða um setu í nefndum og ráðum.
- Hönnun fái aukið vægi á vettvangi fjölmiðla.

Tillögur stórfundar sem snúa að verkefnum

- Stórsókn í kynningu á hönnun, hugviti og arkitektúr erlendis.
- Markvisst kynningarátak um margþætta hagnýtingu hönnunar í opinbera og einkageiranum. Útvíkka skilgreiningu á því hvað hönnun er.
- Samtök atvinnulífsins og Hönnunarmiðstöð standi fyrir kynningu á hönnun innan fyrirtækja og kostum þess að í stærri fyrirtækjum verði til staða CCO (Chief Creative Office).
- Hönnunarklasi + fab (þróunarstofa) verði stofnuð strax, sbr. aðrir klasar.
- Hönnunarsafn fái sömu aðstöðu og önnur söfn. Flutningur æskilegur.

- Hefja undirbúning Hönnunarhúss sem hýsir Hönnunarmiðstöð, Hönnunarsafn, HA, sýningarsali, vinnustofur og aðrar grunnstoðir íslensks hönnunarsamfélags.
- Hönnunarsendiherra vinni tímabundið með fyrirtækjum og stofnunum. Óskilgreint verkefni í byrjun. Í lok tímabils „pitcha“ hönnuðir hugmyndir til forstjóra.
- Styðja markvisst við að íslensk hönnun komist á bestu sýningar erlendis – eins og ÚTON. Loftbrú hönnunar.
- Efla græna og umhverfisvæna hugsun í allri hönnun.
- Kortleggja hönnunarauðlindir.
- Faglegri umfjöllun um hönnun á samfélagsmiðlum og miðlum sem ná til fjöldans.
- Standa fyrir ráðstefnum/vinnustofum þar sem hönnuðir hitta/mæta/miðla til annarra fagsviða/atvinnugreina, t.d. hönnuðir hitta kennara.
- Setja af stað fimm stór skilgreind, kortlögð verkefni á ári með sterkar forsendur. Verkefni sem er ætlað til þess að ýta við samfélaginu. Færa ólíka menningarheima saman og ögra normum!

Tillögur stórfundar sem snúa að menntun

- Koma með hönnunarhugsun inn í skyldufög aðalnámskrár.
- Fjármagn – í rannsóknir og útgáfu á skólaefni – til að innleiða hönnunarstefnuna.
- Háskólar þrói nýjar hönnunartengdar námsgreinar.
- Aukin áhersla á starfsnám í íslenskum háskólum (internship).
- Hönnun og skapandi hugsun verði að veruleika í menntun með markvissri nálgun.
- Fá aðalnámskrá samþykka í ársbyrjun 2019.
- Hönnun verði viðurkennt fræðasvið og grunnrannsóknir aukist, sem hafa ekki augljóst hagnýtt gildi.
- Hönnuðir taki þátt í mótun námskrár og námsefnis.
- Koma hönnun inn sem námsgrein í kennaramenntun.

-
- j. Endurskoða ferla í menntun – menntakerfið er ekki að svara spurningum framtíðarinnar.

Tillögur stórfundar sem snúa að peningum og Hönnunarsjóði

- a. Skoða kosti og galla þess að afnema virðisauka af hönnun.
- b. Skoða rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja – breyting á skattaumhverfi
- c. Efla Hönnunarsjóð með auknu fjármagni.
- d. Efla Hönnunarsjóð gagnvart því að ryðja braut frumkvöða og styðja við verkefni á frumstigum.
- e. Hönnunarsjóður hvetji fyrirtæki til að ráða hönnuði til að stýra nýsköpun.
- f. Hönnunarsjóður verði að lágmarki 500 m.kr. á ári.
- g. Efla stuðning og fjármagn í rannsóknir og þróun á háskólastigi og í samkeppnissjóði.
- h. Hönnunarsjóður verði að lágmarki 2,3 ma.kr. á ári (sama upphæð og rannsóknarsjóðir og Tækniþróunarsjóður fá).
- i. Listamannalaun til hönnuða verði hækkuð (fjölgun mánaða).

5. MÁLEFNASVIÐ FJÁRMÁLAÁÆTLUNAR

Með nýjum lögum um opinber fjármál á að verða til stefna fyrir hvert málefнасvið fjármálaáætlunar. Ekki er til sérstakt málefнасvið fyrir hönnun. Þess vegna er mikilvægt að stefnumótun í einstökum málefнасviðum fjármálaáætlunnar taki mið af hönnunarstefnu.

Málefнасvið sem þurfa að taka mið af hönnunarstefnu til að innleiðing hennar gangi vel eru þau sem tengjast nýsköpun, menntamálum og einstaka atvinnugreinum (tölur sýna númer málefнасviðs):

- 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar
- 11 Samgöngu- og fjarskiptamál
- 12 Landbúnaður
- 13 Sjávarútvegur og fiskeldi
- 14 Ferðaþjónusta
- 15 Orkumál
- 18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál
- 20 Framhaldsskólastig
- 21 Háskólastig
- 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála

Í stefnu málefнасviða í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2023 er lítið sem ekkert fjallað um hönnun.

Forgangsmál er að horfa til frekari samþættingar hönnunarstefnu og framgangs hönnunar inn í málefнасvið 7 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* og málefнасvið 18 *Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál*.

Eins þarf að huga strax að því hvernig er búið að háskólamenntun í hönnun (málefнасvið 21 *Háskólastig*) og þar á eftir að skoða kennslu í hönnun á öðrum skólastigum (málefнасvið 20, 22).

Tækifæri felast í að innleiða nýja hönnunarstefnu inn á málefнасvið einstakra atvinnugreina (12 *Landbúnaður*, 13 *Sjávarútvegur og fiskeldi*, 14 *Ferðaþjónusta* og 15 *Orkumál*) samhliða innleiðingu nýrrar nýsköpunarstefnu.

VIÐAUKAR

6. VIÐTÖL OG VINNUFUNDIR

Viðtöl við fulltrúa frá eftirtöldum aðilum

- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti
- Hönnunarsjóður
- Hönnunarmiðstöð
- Íslandsstofa
- Listaháskóli Íslands
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Samtök iðnaðarins

Vinnustofur

- Vinnustofa með baklandi Hönnunarmiðstöðvar
- Fundur með fulltrúum frá mennta- og vísindaskrifstofu í mennta- og menningarmálaráðuneyti

Samráðsfundur

Samtals 42 þátttakendur á samráðsfundi um nýja hönnunarstefnu:

- Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, mennta- og menningarmálamálaráðuneyti
- Álfrún Perla Baldursdóttir, utanríkisráðuneyti
- Ásta Olga Magnúsdóttir, Gagarín
- Bergþóra Guðnadóttir, Farmers Market
- Borghildur Sturludóttir, Reykjavíkurborg
- Bryndís Bolladóttir,
- Brynhildur Pálsdóttir, Vöruhönnunarfélagið
- Búi Aðalsteinsson, Grallaragerðin ehf
- Elín Helga Sveinbjörnsdóttir, Hvíta húsið
- Elín Hrund Þorgeirsdóttir, Hönnunarmiðstöð
- Elísabet Ingvarsdóttir, Tækniskólinn
- Elsa Ír Bernhardsdóttir, Icelandic Startups

- Eygló M. Lárusdóttir, Eygló ehf/Hönnunarmiðstöð
- Eyjólfur Pálsson, Epal
- Garðar Eyjólfsson, Listaháskóli Íslands
- Gerður Jónsdóttir, Arkitektafélagið
- Greipur Gíslason,
- Guðni B., Samtök iðnaðarins
- Gunnar Gunnsteinsson, Hönnunarmiðstöð
- Helga Haraldsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Hlín Helga Guðlaugsdóttir, Hönnunarsjóður
- Hringur Hafsteinsson, Gagarin
- Hrund Gunnsteinsdóttir, Krád Consulting
- Hörður Lárusson, Kolofon/Hönnunarmiðstöð
- Kristín Gunnarsdóttir,
- Kristján Örn Kjartansson, Krads/Hönnunarmiðstöð
- Magnea Einarsdóttir, Fatahönnunarfélag
- María Kristín Jónsdóttir, Hönnunarmiðstöð
- Marta Fanney Jónsdóttir, Handaband
- Ólöf Erla Bjarnadóttir,
- Ragna Fróðadóttir, Myndlistaskólinn í Reykjavík
- Ragna M. Guðmundsdóttir, Hönnunarmiðstöð
- Ragna Sara Jónsdóttir, Fólk Reykjavík
- Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Félag húsgagna og innanhússarkitekta
- Sif Gunnarsdóttir, Reykjavíkurborg
- Sigríður Valgeirsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Sigrún Birgisdóttir, Listaháskóli Íslands
- Sigurlína Osnala, Myndlistarskólinn í Reykjavík
- Sigprúður Guðnadóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Sturla Már Jónsson, Félag húsgagna og innanhússarkitekta
- Þorleifur G. Gíslason, Félag íslenskra teiknara
- Þórhildur Þórhallsdóttir, Landmótun

7. MIKILVÆGI ÍSLENSKRAR HÖNNUNAR

Umfjöllun um íslenska hönnun og arkitektúr, tekin af heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, www.honnunarmidstod.is, 5. júní 2018:

*Á Íslandi starfa um 1500 vel menntaðir hönnuðir og arkitekta, sem hafa stundað nám bæði hér og erlendis. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að nýta þekkingu, menntun og hæfileika þessa fólks okkur til framdráttar. Hönnun tengist allri atvinnustarfsemi, svo sem byggingariðnaði, framleiðsluiðnaði, sjávarútvegi, ferðamanna-
iðnaði, matvælaíðnaði, þjónustu og þekkingariðnaði. Hönnun nýtist ekki aðeins innlendri framleiðslu heldur er einnig hægt að flytja hana út í formi vöru og hugvits.*

Hönnun er auðlind sem mikilvægt er að nýta nú þegar íslenskt atvinnulíf stendur á krossgötum nýrra leiða og tækifæra. Hönnun snertir öll svið samfélagsins hvort sem um er að ræða þróun samfélagsins sjálfs, þróun efnahagslífsins, þróun hugmynda, verkefna, vöru, þjónustu, ferla eða viðburða. Hönnun á erindi inn í fyrirtæki, stofnanir, heimili og ekki síður í stjórnsýslu og stjórnmal. Með því að virkja þekkingu og aðferðafræði hönnuða getum við haft afar jákvæð áhrif á það hvernig þjóðfélagið þróast og hver lífsgæði okkar verða í framtíðinni.

*Skapandi greinar eru sá vettvangur sem flestar þjóðir horfa á sem helsta vaxtarbrodd næsta áratugar. Umræddar þjóðir leggja megin-
áherslu á hönnun og telja góða hönnun eitt sterkasta vopnið í harðnandi samkeppni. Rannsóknir staðfesta að hönnun er sá þáttur sem skilar mestri arðsemi enda er kostnaður við hana hlutfallslega lítill í samanburði við aðra framleiðsluþætti.*